

Hafnarfirði 27. ágúst 2024

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið fer vel af stað og eru nú allir nemendur komnir með fasta stundatöflu. Ég vil leggja áherslu á að leggja alúð við skólastarfið alveg frá fyrsta degi, þ.e. að mæta vel í tíma, með bækur og ritföng og vinna heimavinnuna jafnt og þétt. Það er gömul saga og ný að skuldbinding í námi skilar betri námsárangri. Það léttir líka lífið og öll verkefni vinnast betur og þá líður okkur betur. Í þessu samhengi vil ég minna á ritver skólans sem er opið fjórum sinnum í viku. Þar gefst nemendum tækifæri á að fá aðstoð við verkefnavinnu og ritgerðarskrif. Opnunartíma má sjá á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Til að styðja enn frekar við nemendur okkar í námi munum við frá og með næsta þriðjudegi bjóða upp á [vikuleg raungreinaver](#), en þar er hægt að fá aðstoð í stærðfræði og raungreinum, nemendum skólans að kostnaðarlausu. Fyrsti tíminn verður þriðjudaginn 3. september kl. 15:45-16:45 í stofu H202. Ég hvet ykkur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til þess að fá aðstoð frá kennurum við að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf. Þá er einnig fyrirhugað að bjóða upp á jafningjakennslu í stærðfræði í langa hádegishléinu á miðvikudögum og verður það auglýst nánar síðar.

Ef eitthvað kemur upp á í náminu þá er gott að leita til [náms- og starfsráðgjafa skólans](#), þeirra Helgu og Sunnu, en þær eru ávallt tilbúnar til að leiðbeina nemendum í öllum þeirra málum. Þá er einnig gott að vita af Rannveigu Klöru, nemenda og kennsluráðgjafa, en hún tekur m.a. við greiningum nemenda vegna námsörðugleika.

Að lokum, það er ýmislegt á dagskrá í skólastarfinu í september. Nú stendur yfir svokölluð nýnemavika þar sem vel er tekið á móti nýnemum skólaársins. Vikan nær hápunkti sínum á morgun, miðvikudaginn 28. ágúst en þá býður NFF öllum nýnemum í nýnemaferð til Þorlákshafnar. Lagt verður af stað frá Flensborg kl. 09:45 og komið heim kl. 15:00. Ég hvet alla nýnema til að taka þátt í fjörinu. Einnig er verið að skipuleggja nýnemadansleik þann 12. september nk. Skólinn býður því foreldrum nýnema

á kynningarfund þriðjudaginn 10. september, kl. 17:00 en þá verður farið yfir það helsta í skólalastarfinu og foreldrar fá tækifæri til að hitta m.a. bekkjarkennara og nemendabjónustuna. Meira um þetta síðar. En að lokum þetta: Flensborgarhlaupið fer fram 17. september kl. 17:30. Hlaupið er styrktarhlaup, hægt er að hlaupa 3km (fjölskylduhlaup), 5km og 10 km, og leggja Flensborgarar að þessu sinni lóð á vogarskálar [Pieta samtakanna](#). Það væri gaman að sjá sem flesta nemendur og aðstandur þeirra í hlaupinu, hægt er að skrá sig á [hlaup.is](#) og þannig leggja sitt af mörkunum.

Með bestu kveðju,

Erla